

Ed.

737. Frumvarp til laga

[399. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Stafli. c í 39. gr. laganna orðast svo:

Að veita styrk til æfingameðferðar, þjálfunar eða hjúkrunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjúkrunarfélag Íslands fór þess á leit s.l. haust við samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins, að gerð yrði gjaldskrá fyrir hjúkrunarstörf í samræmi við lög um almannatryggingar, þ.e.a.s. óskaði eftir viðræðum um laun hjúkrunarfræðinga, er starfa sjálfstætt. Samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins hafnaði beiðni félagsins þegar af þeirri ástæðu að lagaheimild skorti, sbr. nánar V. kafla laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, þar sem fjallað er um sjúkratryggingar. Rétt fyrir síðast liðin áramót fór Hjúkrunarfélag Íslands þess á leit við ráðuneytið að það beitti sér fyrir því að 5. kafli laga um almannatryggingar yrði endurskoðaður með það fyrir augum að hjúkrunarstörf yrðu tekin þar með á sama hátt og lækningar og endurhæfing.

Það hefur komið í ljós að veruleg þörf er fyrir heimahjúkrun hér á landi og að engan veginn er hægt að sinna henni frá þeim stofnunum, sem til þess eru ætlaðar.

Á sama hátt og lækna starfa að lækningum utan stofnana er í fyllsta máta eðlilegt að hægt sé að reka hjúkrun utan stofnana, þannig að sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu ákveðins kostnaðar.

Með skírskotun til ofanritaðs og til þess að styrkja enn frekar alhliða heimahjúkrun, sem fólgin er í líkamlegri, andlegri og félagslegri hjúkrun, hefur ráðuneytið ákveðið að leggja til að inn í c-lið 39. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, verði bætt orðinu, hjúkrun, þannig að hlutverk sjúkratryggingadeildar verði m.a. að veita styrki til æfingameðferðar, þjálfunar eða hjúkrunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa. Nái frumvarpið fram að ganga telur ráðuneytið að auknir möguleikar gefist til að sinna heimahjúkrun og að síður sé hætt á að einstaklingar þurfi á vistun á stofnunum að halda, en þar er öll hjúkrun greidd samkvæmt almannatryggingalögum. Yrði þá hægt að semja við hjúkrunarfræðinga á sama hátt og þegar í hlut eiga lækna utan stofnana, þannig að þátttaka sjúklinga yrði bundin sömu reglum.